

Eptirrit

af fundargjörðum amtsráðsins í Norðuramtinu 11—12 júní 1897.

Ár 1897, föstudaginn hinn 11. júní var aðalfundur amtsráðs Norðuramtsins settur og haldinn á Akureyri af amtmanni Páli Briem, amtsráðsmanni Húnavatnssýslu, umboðsmanni B. G. Blöndal í Hvammi, amtsráðsmanni Skagafjarðarsýslu, umboðsmanni Ólafi Briem á Álfgæisröllum, amtsráðsmanni Eyjafjarðarsýslu, Stefáni kennara Stefánssyni á Möðruvöllum og varaamtsráðsmanni Suðurþingeyjarsýslu, prófasti Árna Jónssyni á Skútustöðum, sem mættur var í forföllum aðal- amtsráðsmannsins þáðan, Benedikts sýslumanns Sveinssonar frá Hjeðinshöfða.

Á fundinum komu þessi mál til umræðu:

1. Framlagði forseti reikninga yfir tekjur og gjöld eptirfylgjandi sjóða 1896 með fylgiskjöllum:
 - a. Jafnaðarsjóðs Norðuramtsins.
 - b. Búnaðarsjóðs Norðuramtsins.
 - c. Styrktarsjóðs fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað.
 - d. Amtsbókasafns Norðuramtsins.
 - e. Prentsmiðjusjóðs Norðuramtsins og
 - f. Búnaðarsjóðs Eyjafjarðarsýslu.

Amtsráðsmennirnir skiptu reikningum þessum með sjer til endurskoðunar.

Reikningar þessir voru síðan rannsakaðir og samþykktir án athugasemda.

2. Forseti lagði fram eptirfylgjandi sýslusjóðsreikninga fyrir 1896:
 - a. úr Húnavatnssýslu.
 - b. — Skagafjarðarsýslu.
 - c. — Eyjafjarðarsýslu og
 - d. — Suðurþingeyjarsýslu.

Amtsráðið rannsakaði reikninga þessa og úrskurðaði þá á þessa leið:

- a. Við reikning Húnavatnssýslu fannst ekkert að athuga.
- b. Við reikning Skagafjarðarsýslu sömuleiðis.
- c. Við reikning Eyjafjarðarsýslu sömuleiðis.
- d. Við reikning Suðurþingeyjarsýslu þótti athugasvert:
 1. Kvittun fyrir vöxtum og afborgun af láni til Skjálfafljótsbrúarinnar, að upphæð 200 kr., (fk. 2) vantar og ber að senda.
 2. Vextir og afborgun af skuld M. Þórarinssonar er talin greidd úr sýslusjóði með kr. 433,20, en kvittun er að eins fyrir kr. 183,20, vantar þá kvittun fyrir kr. 250,00, er ber að senda.
 3. Eptirstöðvar af bankaláni M. Þórarinssonar eru taldar greiddar úr úr sýslusjóði með 300 kr. Kvittun vantar fyrir þessari upphæð og ber að senda.
 4. Fyrir virðing á húsum til húsaskatts er talið greitt úr sýslusjóði 6 kr. sem eigi er löglegt. Fyrir því ber reikningshaldara að endurgjalda sýslusjóði þessar 6 kr.

8. dag júlímán. 1897.

87

5. Eptirstöðvar af markaskrárkostnaði, að upphæð 48 kr. 8 aur., eru taldar greiddar úr sýslusjóði, en kvittun vantar og ber að senda.
3. Forseti lagði fram eptirfylgjandi sýsluvegasjóðsreikninga 1896:
- úr Húnavatnssýslu.
 - Skagafjarðarsýslu.
 - Eyjafjarðarsýslu og
 - Suðurþingeyjarsýslu.
- Amtsráðið rannsakaði reikninga þessa og úrskurðaði þá á þessa leið:
- Við reikning Húnavatnssýslu þótti athugavert, að skuld sýslusjóðsins við kaupmann J. G. Möller, sem talin er borguð með kr. 96,88, þarf að senda sundurliðaðan reikning yfir, og hið sama er að segja um borgun fyrir aðgjörð á aðalpóstleiðinni í Engihlíðarhreppi, að upphæð 46 kr., og borgun fyrir aðgjörð á aðalpóstleiðinni í Ytri-Torfastaðahreppi, að upphæð 12 kr.
 - Við reikning Skagafjarðarsýslu þótti ekkert athugavert.
 - Við reikning Eyjafjarðarsýslu þótti athugavert, að til sýsluvegagjörðar í Hvanneyrarhreppi hafa verið greiddar 60 kr., en enginn reikningur hefir verið gjörður um vegagjörð þessa. Fyrir því ber að útvega reikning þenna og senda.
 - Við reikning Suðurþingeyjarsýslu þótti athugavert, að kvittun fyrir vöxtum og afborgun af láni til Skjálfandafljótsbrúarinnar, að upphæð 135 kr., vantar og ber að senda.
4. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld brúarsjóðsins í Skagafjarðarsýslu 1896:
- Amtsráðið rannsakaði reikning þenna og þótti athugavert, að kvittun vantar fyrir 121 kr. 75 a., sem taldar eru greiddar til verzlunar L. Popps á Saudárkróki fyrir kostnað við Hjeraðsvatnabrúna. Kvittun þessa ber að senda.
5. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 26. apríl þ. á., þar sem hann skýrir frá að bryggjugjörðinni við Blönduós verði lokið nú í sumar, og verði þá saminn aðalreikningur yfir kostnaðinn við bryggjgjörðina, er skuli sendur amtsráðinu samkvæmt athugasemdum þess á síðasta fundi.
6. Forseti lagði fram eptirfylgjandi eptirrit af gjörðabókum sýslunefndanna:
- Í Húnavatnssýslu frá 8.—13. marz þ. á.
 - Skagafjarðarsýslu frá 23.—26. febr. þ. á.
 - Eyjafjarðarsýslu frá 26. ágúst f. á. og 10.—13. marz þ. á.
 - Suðurþingeyjarsýslu frá 8.—10. apríl þ. á.
- Voru eptirrit þessi yfirfarin
- Við fundargjörðir Húnavatnssýslu þótti athugavert, að nefndin hafði eigi tekið reikning sýslusjóðs- eða sýsluvegasjóðs til meðferðar, og ber að gæta þess eptirleiðis.
 - Við fundargjörðir Skagafjarðarsýslu þótti ekkert verulegt að athuga.
 - Við fundargjörðir Eyjafjarðarsýslu þótti athugavert, að skýrsla um

styrktarsjóð handa alþýðufólki í Glæsibæjarhreppi 1896 vantaði á fundinn.

87

d. Við fundargjörðir Suðurlingeyjarsýslu þótti athugasvert, að á fundinum eru eigi framlagðir reikningar styrktarsjóða í Hálshreppi og Svalbarðsstrandarhreppi, og að ekki er getið um, fyrir hvert ár styrktarsjóðsreikningar þeir eru, sem fram voru lagðir, og eigi er heldur tilgreind upphæð þeirra.

7. Framlagt var bónarbrjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 26. apríl þ. á., um 300 kr. styrk til kvennaskólans á Ytri Ey og frá sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu um venjulegan styrk til kvennaskóla Eyfirðinga. Ennfremur voru lagðar fram skýrslur og reikningar skólanna, sem amtsráðið athugaði. Amtsráðið veitti hvorum skóla fyrir sig 300 kr. af jafnaðarsjóði næsta ár.
8. Framlagt var brjef sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, dags. 24. marz þ. á., þar sem hann óskar fyrir hönd sýslunefdarinnar, að amtsráðið samþykki að sýslunefndin taki að sjer ábyrgð á 2000 kr. láni Lýtingsstaðahrepps. Amtsráðið samþykkti þetta.
9. Framlagt var brjef sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, dags. 19. marz þ. á., þar sem hann óskar, að amtsráðið samþykki, að sýslunefndin mætti veita 600 kr. styrk úr sýslusjóði til brúargjörðar yfir Hörgá á Helguhyl. Amtsráðið samþykkti þetta.
10. Forseti skýrði frá hag bókasafnsins á Akureyri, að bótaskrá væri prentuð og að honum hefði tekizt að fá áreiðanlega menn til að vera undirbókaverði, í Húnavatnssýslu verzlunarstjóra Pjetur Sæmundsson á Blönduósi, í Skagafjarðarsýslu póstafrgreiðslumann Kristján Blöndal á Sauðárkróki og í Suðurlingeyjarsýslu sölustjóra Bjarna Bjarnarson á Húsavík. Amtsráðið veitti safninu 500 kr. styrk.
 Amtsráðið tók til umræðu breyting þá, sem orðin er á bókasafninu, sem hefur í för með sjer töluverðan aukinn kostnað, bæði við bókasendingar o. fl., auk þess sem nauðsynlegt er, að kaupa meiri bækur, þegar þær eiga að lánast út í öllum sýslum amtsins. Amtsráðið hefur veitt bókasafninu 500 kr. styrk á ári, og virðist amtsráðinu því sanngjarnt, að jöfn upphæð væri veitt til safnsins úr landssjóði. Fyrir því felur það forseta sínum, að sækja um 500 kr. styrk á ári úr landssjóði.
11. Forseti skýrði frá brjefaviðskiptum sínum við stjórn búnaðarfelag Suðuramtsins viðvíkjandi stofnun búnaðarfelags fyrir allt landið. Amtsráðið ljét í ljósi, að það væri máli þessu sinnandi, og samþykkti að kjósa fulltrúa til þess, að mæta á fundi búnaðarfelags Suðuramtsins, sem haldinn verður 5. júlí næstkomandi, til þess að ræða málið og til þess ásamt nefnd, er væntanlega verður kosin af búnaðarfelaginu, og ásamt fulltrúum hinna amtráðanna, að gjöra ákvednar tillögur um stofnun búnaðarfelags fyrir allt landið, er að ári yrðu lagðar fyrir amtsráðið. Kosningu hlaut amtsráðsmaður Ólafur Briem.
12. Framlögð voru brjef landshöfðingja, dags. 2. sept. f. á. og 6. f. m. og inniheldur hið síðara brjef ráðgjafans fyrir Ísland, dags. 17. apríl þ. á., þar

87

- sem ráðgjafinn lætur í ljósi, að eigi verði staðfest skipulagsskrá, er amtsráðið á síðasta fundi samþykkti í þá átt, að prentsmíðusjóðnum eptirleiðis verði varið til þess að efla prentverk á Akureyri, eins og sjóðurinn upphaflega var gefinn til.
13. Framlagt var brjef frá forstöðukonu kvennaskóla Eyfirðinga, dags. 22. nóv. f. á., þar sem hún leggur til, að styrkur af prentsmíðusjóði Norður- og Austuramtsins, verði veittur Sigríði Þorláksdóttur frá Veigastöðum í Þingeyjarsýslu og Þóreyju Júlíusdóttur á Munkapverá í Eyjafirði. Amtsráðið veitti þessum stúlkum styrkinn.
 14. Framlagður var viðauki við fjallskilareglugjörð Skagsfjarðarsýslu um fjárrekstra. Amtsráðið samþykkti viðauka þennan og löggilti hann til að öðlast gildi 1. sept. 1897.
 15. Framlögð var reglugjörð fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallskil og melrakka-veidar. Amtsráðið samþykkti reglugjörðina og löggilti hana til þess að öðlast gildi 1. sept. 1897.
 16. Framlagt var brjef frá stjórn fjáræktarfelags Suðurþingeyinga, dags. 10. þ. m., þar sem stjórnin biður um styrk af jafnaðarsjóði. Amtsráðið ljét í ljósi að því þætti þetta fyrirtæki mikilsvert og veitti því 150 kr. styrk.
 17. Framlagt var erindi frá hreppsnefnd Húsavíkurhrepps, dags. 28. des. f. á., þar sem hún fer þess á leit, að amtsráðið felli úr gildi úrskurð sýslunefndarinnar í Suðurþingeyjarsýslu á fundi 21. apríl f. á., þar sem hreppsnefndinni er boðið að taka kæru Jakobs borgara Hálfðánarsonar frá 13. des. 1895 yfir útsvari kaupfélags Þingeyinga fyrir á ný og þá til úrskurðar í aðalefninu.
 Amtsráðið ljét í ljósi, að sjerhverjum sem sveitartillagi er jafnað niður á, sje heimilt, samkvæmt lögum 9. jan. 1880, 1. gr., að kæra yfir því, hvernig útsvari er jafnað niður á aðra, alveg án tillits til þess, hvort hann jafnframt kærir yfir sínu eigin útsvari, og fyrir því staðfestir amtsráðið úrskurð sýslunefndarinnar.
 18. Framlagt var erindi, dags. 2. marz þ. á., þar sem fyrverandi oddviti Hrafna-gilshrepps skýtur til amtsráðsins úrskurði sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu á fundi 6. marz 1895 um það, að hann skuli endurborga hreppnum 25 kr., er hann hafði reiknað sjer fyrir ýms ómök í þarfir hreppsins 1893—94.
 Amtsráðið tekur fram, að af þessum 25 kr. eru 19 kr. reiknaðar fyrir ferðalag út úr hreppnum, og virðist oddviti eigi skyldur að borga þann kostnað, heldur megi endurgjalda hann af hreppssjóði. Fyrir því er úrskurður sýslunefndarinnar úr gildi felldur að þessu leyti. Aftur á móti virðist borgun fyrir að vera við úttekt og virðing á húseignum hreppsins, innan-hrepps, að upphæð 2 kr., og fyrirhöfn vegna dánarbús (Miðhúsabús) eigi vera lögleg, og er því úrskurður sýslunefndarinnar að þessu leyti staðfestur.
 19. Framlagt var brjef frá Skúla Thoroddsen, dags. 23. jan. þ. á., ásamt skipulagsskrá fyrir þúsundáraafmælisjóð Eyjafjarðar, dags. 6. jan. þ. á., er hann hefur stofnað, og óskað að amtsráðið taki að sjer stjórn sjóðsins. Amtsráðið samþykkti að taka að sjer stjórn sjóðsins og felur forseta að sjá um, að skipulagsskráin nái konungssteðfestingu.
 20. Framlagt var bónarbrjef frá Sigurði Sigurðssyni frá Draflastöðum í Fnjóska-

- dal, dags. 2. f. m., þar sem hann sækir um 300 kr. styrk til náms við búaðarskólann á Stend. Amtsráðið veitti þenna styrk. **87**
21. Framlagt var brjef bónaþrjef, dags. 15. f. m., frá Ingibjörgu Torfadóttur, sem hefir verið forstöðukona þkvennaskóla Eyfirðinga síðastliðinn vetur, um 300—400 kr. styrk til að fullkomna sig erlendis í þesskonar starfa. Amtsráðið veitti henni 150 kr. styrk með því skilyrði, að beiðandanum yrði veittur ekki minni styrkur úr kvennaskólasjóði Eyfirðinga.
 22. Framlagt var brjef sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, dags. 19. marz þ. á., þar sem hann óskar að amtsráðið samþykki 100 kr. fjárveitingu sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu til Ingibjargar Torfadóttur, sem styrk til að fara utan til að kynna sjer kvennaskóla. Amtsráðið samþykkti þetta.
 23. Framlagt var brjef, dags. 8. þ. m., þar sem Jón Ármann á Laugalandi sækir um 500 kr. styrk af jafnaðarsjóði til viðurkenningar fyrir ávinnsluvjel o. fl., sem hann hefir fundið upp, til þess að koma þessari ávinnsluvjel út meðal manna og til þess að fullgjöra þúfnasjettunarverkfæri. Amtsráðið veitti honum 300 kr. styrk til þessa, með því skilyrði að hann fullkomnaði ávinnsluvjelina.
 24. Framlagt var brjef frá sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, dags. 24. marz þ. á., með frumvarpi til laga fyrir búnaðarfjelag Eyjafjarðarsýslu, og óskar sýslumadurinn, að amtsráðið samþykki þær ráðstafanir, er sýslunefndin hefur gjört því viðvikjandi. Amtsráðið getur þess, að samkvæmt skipulagsskrá fyrir búnaðarsjóð Eyjafjarðarsýslu, staðfestri 18. sept. 1893, verði sjóðurinn eigi ákveðinn stofnunarsjóður fjelagsins, nema skipulagsskráin verði numin úr gildi, en samþykkti að sýslunefndin veitti 300 kr. til fjelagsins.
 25. Framlagt var brjef frá sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, dags. 2. des. f. á., ásamt útskriptum úr dómsmálabók Eyjafjarðarsýslu, sem bera með sér, að miltisbrandur hefir tvisvar komið upp í Eyjafirði síðastliðið ár. Amtsráðið áleit að miltisbrandur þessi hefði hlotið að koma upp af innfluttum útlendum húðum, og af því að mikil hætta getur stafað af þeim, þá virtist því áriðandi, að kaupmönnum, og öllum þeim, er flytja inn útlendar ósútaðar húðir, væri gjört að skyldu að sótthreinsa þær, áður þær væru seldar. Fyrir því felur amtsráðið forseta, að fara þess á leit við landshöfðingja að reglur í þá átt yrðu settar, samkvæmt lögum 11. des. 1891, um aðfluttar ósútaðar húðir.
 26. Framlagt var brjef frá stjórnarnefnd Hólaskóla, dags. 14. f. m., þar sem hún sækir um allt að 200 kr. til bókaþaua handa skólanum. Amtsráðið veitti 200 kr. til að kaupa fyrir bækur, kennslu- og mælingaáhöld handa skólanum, en skrá yfir hina keyptu muni skal prenta í skólaskýrslunni.
 27. Framlagt var brjef frá stjórnarnefnd Hólaskóla, dags. 14. f. m., þar sem hún skýrir frá, að ágreiningi milli skólans og Viðvikur- og Hólahreppa út af eignarrjetti til Kolbeinsdalsafrrjettar sje nú svo komið, að umbodsmenn bænda í þessum hreppum hafi gengið inn á, að borga 650 kr. fyrir afrrjettina, gegn því að hún yrði afsöluð hreppunum til fullkominnar eignar,

87

og leggur stjórnarnefndin til, að ágreiningurinn um eignarrjettinn verði útkljáður á þennan hátt.

Amtsráðið samþykkti sölu á afrjettinni fyrir 650 kr. og felur stjórnarnefndinni að gefa út afsalsbrjef þar að lútandi.

28. Forseti lagði fram eptirrit af lögum fyrir sparisjóð Norðuramtsins, er 20 menn á Akureyri hafa gengið í 4000 kr. ábyrgð fyrir, og bar fram þá ósk stofnendanna, að amtsráðið vildi styðja þetta fyrirtæki, með því að kjósa einn mann í stjórnarnefndina og einn mann til að gagnskoða reikninga sjóðsins ásamt öðrum gagnskodara, sem stofnendurnir kjósa. Amtsráðið samþykkti þetta og kaus amtmann Pál Briem í stjórnarnefndina og sýslumann Kl. Jónsson sem gagnskodara.
29. Fram voru lögð eptirfylgjandi skjöl og reikningar búnaðarskólans á Hólum:
- Prentuð skýrsla um skólann 1895/96.
 - Endurrit af gjörðabók stjórnarnefndar skólans og samrit af skólasjóðsreikningi 1896/97.
 - Endurrit af úrskurðum amtsráðsins á reikningum skólans 1894/95 með áritun um fullnustugjörð.
 - Reikningur skólabúsins 1895/96 með fylgiskjölum, skrá yfir innstæðu 1896, athugasemdum við reikninginn og svörum reikningshaldara.
 - Reikningur skólasjóðs 1895/96, með fylgiskjölum skrá yfir innstæðu 1896, athugasemdum og svörum.
 - Reikningur Hólakirkju 1895/96, með fylgiskjölum, skrá yfir innstæðu 1896, athugasemdum og svörum.
- Amtsráðið yfirför skjöl þessi og úrskurðaði athugasemdir endurskoðanda við reikningana d e. f.
30. Forseti lagði fram:
- Skýrslur um fjárskodanir í Suður- og Norðurþingeyjarsýslu frá f. á., er vöntuðu á síðasta fundi, og bera skýrslur þessar með sjer, að fjárkláðinn er víða um Þingeyjarsýslu, þó að eigi sjeu mikil brögð að honum; samkvæmt skýrslunum eiga Sauðaness- og Fjallahreppar að vera lausir við fjárkláða.
 - Brjef frá oddvitum og sýslumönnum viðvíkjandi fyrirskipunum um böðun síðastl. vetur, svo og skýrslur um böðun í Húnavatnssýslu og Eyjafjarðarsýslu, sem bera með sjer, að fyrirskipun þessari hefur að meira og minna leyti verið óhlýðnast. Ennfremur var framlagt brjef, dags. 10. apríl þ. á., frá fundi í 5 vestustu hreppum Húnavatnssýslu, þar sem skorað er á amtmann, að láta þá menn sæta sektum, er ætla má að í hverjum hreppi hefði getað haft mest áhrif á almenning að fyrirskipuninni yrði hlýtt.
 - Tillögur sýslunefndanna í Norðuramtinu og Austuramtinu á fundum síðastliðinn vetur, sem allar ganga í þá átt, að ráðstafanir verði gjörðar til algjörðrar útrýmingar á fjárkláðanum.
 - Tillögur lögreglustjóra í amtinu um aðstodarmenn hreppstjóra í hverjum hreppi.

e. Ritgjörð um fjárkláða eptir dýralækni Magnús Einarsson.

87

Amtsráðið athugaði skjöl þessi, og íhugaði málið nákvæmlega, og ljét í ljósi, að það teldi það hið mesta velferðarmál, að fjárkláðanum yrði algjörlega útrýmt, og hið sama væri álit hinna beztu manna í sýslum amtsins. Til þess að fá fjárkláðanum útrýmt, áleit amtsráðið að heppi- legast væri fyrst um sinn, að fara alveg í sömu átt og ákveðið var á síðasta fundi þannig:

1. Að almennar baðanir á sauðfje færu fram næsta haust, sem fyrst eptir að fje væri tekið í hús, og skyldi böðuninni vera lokið fyrir lok nóvembr.m., og frestur til ársloka mætti því að eins veitast, að alveg sjerstaklega stæði á í einhverri sveit, og full trygging væri fyrir því, að sóttnæmið bærisk eigi þaðan til annara.
 2. Að almenn sóttþreinsun á fjárhúsum færi fram næsta vor.
 3. Að nákvæmar gætur yrðu hafðar á heilbrigðisástandi fjársins, að allar þær kindur, sem á haustin finnast með kláðavotti, yrði tafarlaust skornar og að öðru leyti yrðu slíkar kindur tafarlaust aðskildar frá öðru fje og teknar til lækninga, eins og segir í tilsk. 5. jan. 1866.
 4. Að sem fyrst yrði prentuð ritgjörð um fjárkláða eptir Magnús Einarsson og henni útbýtt gefins í amtinu.
 5. Að gefnar yrðu út reglur hreppstjórum, aðstoðarmönnum þeirra og öðrum til leiðbeiningar og eptirbreytni.
 6. Að hreppstjórar gæfu tvisvar á ári, við lok júnímánaðar og við árslok, skýrslur um heilbrigðisástand sauðfjársins í hreppnum yfir missirið. Amtsráðið skoraði á forseta að gjöra nauðsynlegar fyrirskipanir og ráðstafanir til að fá þessu framgengt.
31. Framlagt var brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu 3. þ. m., þar sem hann lætur í ljósi, að eigi sje edlilegt, að þær sýslur, sem alveg hafa óhlýðnast fyrirskipunum yfirvalda um baðanir síðastl. vetur, [borgi kostnað við eptirlit með fjárböðunum], og óskar því að greiddur verði úr jafnaðarsjóði amtsins kostnaður hreppstjóra og aðstoðarmanna þeirra í Húnavatnssýslu, að upphæð 232 kr. Amtsráðið sá sjer eigi fært að veita þetta fje af jafnaðarsjóði.
32. Var samin og samþykkt svo hljóðandi

Áætlun

yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Norðuramtsins 1898.

Tekjur:

1.	Aætlaðar eptirstöðvar	kr.	1200,00
2.	Jafnaðarsjóðsgjald	—	2200,00
		kr.	3400,00

Gjöld:

1.	Til amtsráðsins	kr.	400,00
2.	Til heilbrigðismála	—	150,00
	Flyt:	kr.	550,00

87

Flutt: kr. 550,00

4.	— menntamála:		
a.	Til Kvennaskólans á Ytri-Ey	kr. 300,00	
b.	— Kvennaskóla Eyfirðinga	— 300,00	
c.	— Amtsbókasafnsins	— 500,00	
d.	— Sigurðar Sigurðssonar frá Draflastöðum	— 300,00	
e.	Ingibjörgu Torfadóttur	— 150,00	
f.	Til bóka- og áhaldakaupa við Hólaskóla	— 200,00	— 1750,00
4.	Til Jóns Árnasonar Laugalandi	—	300,00
5.	Vextir og atborgun af Skjálfandafjótisbrúarláni	—	118,52
6.	Til fjárskoðana	—	200,00
7.	Til fjárræktarfelags Þingeyinga	—	150,00
8.	Ýmislegur kostnaður	—	331,48
			<u>kr. 3400,00</u>

Fleiri mál komu ekki til umræðu.

Fundi slitið.

Páll Briem. Stefán Stefánsson. G. B. Blöndal.

Árni Jónsson. Ólafur Briem.

* * *

Rjett eptirrit staðfestir.

Páll Briem.

88

Reikningur

yfir tekjur og gjöld prentsmiðjúsjóðs Norðuramtsins 1896.

Tekjur:

1	Í sjóði 1. jan. 1896:		
	Í veðskuldabrjefum einstakra manna	kr. 2700,00	
2.	Vextir af skuldabrjefum	— 108,00	
			Samtals: kr. 2808,00

Gjöld:

1.	I sjóði við árslok:		
a.	Í skuldabrjefum einstakra manna	kr. 2700,00	
b.	Í Peningum	— 108,00	2808,00
			Samtals: kr. 2808,00

Skrifstofu Norðuramtsins, Akureyri 12. jan. 1897.

Páll Briem.